

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 18. desember 2025

Mál nr. S-550/2024:

## Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Hrafnkell Oddi Guðjónsson lögmaður)

(Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður bótakrefjanda)

## Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 24. október sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra með þremur ákærum á hendur X, kt. [...], [...], [...].

Fyrsta ákæran er frá 17. desember 2024 og ákærða þar gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás og ofbeldi í nánu sambandi

„með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 25. apríl 2024, á alvarlegan hátt ógnað, lífi, heilsu og velferð sambýliskona sinnar og barnsmóður A, kt. [...], með því að hafa ráðist á hana þar sem þau voru að skemmta sér í miðbæ Akureyrar í Hafnarstræti og hrinda henni harkalega í götuna og kýlt hana síðan í andlitið eftir að hún hafði staðið upp þannig að hún dettur aftur í götuna og þar sem hún lá í götunni sparkað í andlit/höfuð hennar. Afleiðingar þessarar árásar fyrir brotþola var að hún hlaut bólgu/kúlu á höfði occipitalt vinstra megin og eymsli í hársverði í kringum bólguna.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 218. gr. b, almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Önnur ákæran er gefin út sama dag, 17. desember 2024, og ákærða gefin að sök líkamsárás

„með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 2024, fyrir utan [...], við Ráðhústorg á Akureyri, kýlt B, kt. [...] í andlitið, þannig að hún féll og skall með höfuðið í gangstéttina. Afleiðingar þessa fyrir brotþola voru að hún hlaut sár, bólgu og mar á vinstri augabrún, sár og mar aftan á höfði sem sauma þurfti saman, höfuðverk, eymsli á hryggjartindum, eymsli yfir beinhluta nefs og verki í basal rifbeinum báðu megin.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

B, kt. [...], [...], [...] gerir bótakröfu á hendur ákærða að fjárhæð 2.123.465 frá 3. ágúst 2023 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

*Þriðja ákæran* er frá 17. október 2025 og ákærða þar gefið að sök umferðarlagabrot

„með því að hafa sunnudaginn 14. september 2025, ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist tetrahýdrókannabínól 21 ng/ml) um Miðsíðu og Rimasíðu á Akureyri, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

[...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.“

- 2 Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa vegna fyrstu og þriðju ákæru. Vegna annarrar ákæru krefst hann aðallega sýknu, til vara að refsing vegna þess ákæruefnis verði látin niður falla en að því frágengnu að honum verði þar gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Hann krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að bætur verði ákvarðaðar lægri en krafist er. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða.
- 3 Aðalmeðferð málsins hófst 2. september sl. Ákærði og vitnið A voru erlendis þann dag og var aðalmeðferð fram haldið 24. október sl., skýrslutökum lokið og málið tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi.

#### **Ákæra 17. desember 2024 vegna sérstaklega hættulegrar líkamsárásar og ofbeldis í nánu sambandi**

- 4 Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi sem er lýst er í þessari ákæru. Með vísan til játningar ákærða og gagna málsins telst háttsemi ákærða nægilega sönnuð. Ákærði andmælir heimfærslu brotsins til refsíákvæða og byggir á að brotið varði við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.
- 5 Fyrir liggur myndbandsupptaka úr farsíma vegfaranda af atvikinu. Þar sést ákærði ýta við brotþola, ganga svo til hennar og ýta henni þannig að hún fellur í jörðina. Þegar brotþoli stendur upp kýlir ákærði hana af miklum krafti í andlitið með krepptum hnefa hægri handar og brotþola fellur fram fyrir sig í götuna. Sést ákærði í kjölfarið taka um þrjú skref afturábak og með tilhlaupi setja vinstri fót fram fyrir sig og sparka af öllu afli í höfuð brotþola með hægri fæti þar sem hún liggur í götunni.

- 6 Þótt áverkar brotaþola hafi ekki reynst alvarlegir er ljóst af fyrrgreindu myndbandi að atlagu ákærða að höfði brotaþola var ofsafengin. Er fallist á með ákærvaldinu að árás ákærða hafi verið sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar sem beitt var og með henni ógnaði ákærði á alvarlegan hátt lífi, heilsu og velferð sambúðarmaka síns og barnsmóður. Háttsemi ákærða er því réttilega heimfærð undir 1. mgr. 218. gr. b og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### **Ákæra frá 17. desember 2024 vegna líkamsárásar**

#### *Málavextir*

- 7 Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var lögregla stödd á Ráðhústorgi aðfararnótt 3. ágúst 2024 vegna atburða við skemmtistaðinn [...], er lögregla varð vör við B, brotaþola, sem sat þá á gangstétt, blóðug aftan á höfði. Lýsti brotaþoli því fyrir lögreglu að hafa séð A í slag við dökkhærða stelpu utan við [...]. Hún hafi ætlað að athuga hvort að hún gæti róað A niður, þar sem hún hafi þekkt hana líttillega, og ákærði þá kýlt hana í hægri kinn með þeim afleiðingum að hún hafi fallið aftur fyrir sig og skolið með höfuðið í gangstéttina. Með henni hafi verið D sem lýst hafi því fyrir lögreglu að ákærði hefði slegið brotaþola í andlitið, með krepptum hnefa hægri handar. Tekið er fram að brotaþoli hafi verið með sjáanlega áverka í andliti, hægri kinn og blætt hafi töluvert úr sári aftan á höfði hennar.
- 8 Fyrir liggur læknaþrátt E, sérnámsgrunnslæknis, dags. 3. ágúst 2024, þar sem fram kemur að brotaþoli hafi komið á sjúkrahús eftir að hafa verið veitt höfuðhögg. Brotaþoli hafi verið greind með heilahristing og verið með skurð á höfuðleðri að aftanverðu sem sauma hafi þurft með stöku spori. Þá hafi vantað búið úr augabrún vinstra megin og mar verið að myndast við neðanverðan vinstri augnkrók. Jafnframt hafi brotaþoli fundið fyrir eymslum við þreifingu á hryggjartindum, eymslum við beinhluta nefs og vinstra megin við nef.
- 9 Brotaþoli leitaði á ný á slysadeild 7. ágúst 2024 vegna meðal annars verkja í rifbeinum við öndun. Í læknaþrátt F sérnámsgrunnslæknis er því lýst að eymsli væru við þreifingu yfir rifbeinum neðst í rifjaboga anteriort bilalt. Þá fyndi brotaþoli fyrir þrýstingstilfinningu í tannrótum og væri fyrirhugaður tími hjá tannlækni vegna þess. Í tannlæknaskýrslu Tannlæknastofunnar [...], sem er ódagsett og óundirrituð, kemur fram að brotaþoli hafi komið til tannlæknis með brot á hliðar framtönn eftir að hafa verið kýld í framan. Þá hafi framtönn hennar verið aumar við snertingu. Gera þyrfti við brot í tönn með plastfyllingu og fylgjast með framtannsvæði. Tekið er fram að við höggáverka væru all miklar líkur á drepi við tönnina eða nálægar tennur, sem komið gæti fram nokkru síðar og gera þyrfti við með rótarfyllingu. Loks segir að „[m]eð fullnægjandi meðferð á áverka á tönn er lagt til að sé gert postulínskróna“.
- 10 Þann 14. október 2024 leitaði brotaþoli á heilsugæslu. Í beiðni G, sérnámslæknis á heilsugæslu Akureyrar, um sjúkrabjálfun þann dag kemur fram að brotaþoli finni fyrir svima við snöggar hreyfingar og stundum aðsvifstilfinningu, höfuðverkjum og stundum þrýstingi aftan í hnakka auk stífni í hálsvöðvum. Ástand brotaþola sé talið afleiðing heilahristings. Fram kemur að sjúkrabjálfun væri ráðlögð til að aðstoða við stífni í hálsi og herðum.

- 11 Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 27. september 2024 þar sem hann neitaði sakargiftum.
- Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi*
- 12 Ákærði kvaðst ekki þekkja brotþola, hafa séð hana eða um hana heyrt fyrr en hún hefði kært hann fyrir eitthvað sem hann hefði ekki gert. Umrætt kvöld hefði hann verið að skemmta sér á [...] og kvöldið verið tiltölulega rólegt. Niður í bæ hefði allt farið í klessu hjá A kærustu hans og tveimur stelpum. Kvaðst ákærði hafa verið hlutlaus mest allan tímann, eða þar til einhver strákur hefði verið orðinn ógnandi við A. Kvaðst ákærði hafa gripið í öxlina á stráknum og beðið hann um að fara og þá hefði allt sprungið í loft upp. Kvað hann mjög lítið hafa getað gerst eftir að strákurinn hefði stungið hann. Hann muni næst eftir því að hafa staðið upp og þá hefði lögregla verið komin, haldið honum og tekið hann beint niður í jörðina.
- 13 Brotþoli, vitnið A, kvaðst hafa verið inn á [...] með D vinkonu sinni og mætt þar A, sem hún þekkti frá fyrri tíma, og séð ákærða með henni. Er hún hefði komið út af [...] hefði hún séð hóp af fólki á torginu fyrir utan og í kringum [...], þar á meðal A sem henni hefði sýnst vera að veitast að annarri stelpu. Kvaðst hún hafa gengið að og lagt hægri hönd sína á vinstri öxl A, að framan verðu, og spurt hana tvívegis hvort allt væri í góðu og hvort hún gæti horft aðeins á sig. Það næsta sem hún muni eftir væri D að reisa hana við. Kvaðst hún ekki hafa séð ákærða á torginu og ekki hafa vitað að ákærði hefði slegið hana niður fyrr en henni hefði verið sagt það. Kvaðst hún fyrst hafa séð ákærða eftir þetta er henni hefði verið litið til hægri og séð sjúkraflutningamenn vera að hlúa að honum. Kvaðst hún ekki muna eftir högginu og ekki hafa áttað sig almennilega á hvað hefði gerst fyrr en hún hefði fundið fyrir þrýstingi aftan á hnakka og orðið vör við að það blæddi úr hnakka, nefi og innanverðri efri vör.
- 14 Vitnið kvaðst hafa verið flutt á brott með sjúkrabíl og verið mikið verkjuð í höfði. Hún kvað höfuðkúpu hafa aflagast aftan á hnakka, brotnað úr framtönn og rifnað úr augabrún. Þá hefði hún fengið glóðarauga og mar, og eitt spor verið saumað aftan í hnakka. Hún kvaðst hafa farið aftur upp á sjúkrahús þar sem hún hefði átt erfitt með að anda og þá komið í ljós hún væri með brákað rifbein. Nokkrum vikum síðar hefði hún leitað til heimilislæknis og þá verið greind með eftir heilahristings heilkenni og í kjölfarið farið í þónokkur skipti í sjúkraþjálfun vegna skertrar hreyfigetu í hálsi. Gert hefði verið við tönnina um viku eftir atvikið en hún kvaðst enn finna fyrir kuli eða seyðingi í tönninni.
- 15 Vitnið kvaðst hafa misst tvo daga úr vinnu eftir atvikið, átt erfitt með svefn og upplifað óöryggi. Þá hefði hún fengið væg kvíðaköst við aðstæður sem minntu hana á atvikið. Kvað hún atvikið enn hafa áhrif á sig en fyrir skömmu hefði hún meðal annars fengið ofsakvíðakast er hún hafi talið sig séð ákærða og A.
- 16 Vitnið D kvaðst ekki hafa þekkt A og því beðið fyrir utan [...] er brotþoli hefði farið til A fyrir utan [...]. Hún kvað brotþola hafa verið að spjalla við A þegar kærasti hennar hefði birst og gripið í brotþola, snúið henni að sér og kýlt hana beint í andlitið þannig að brotþoli lenti í jörðinni. Kvaðst hún hafa farið beint til brotþola og hlúð að henni. Hún kvað ákærða hafa kýlt brotþola beint framan á andlitið með krepptum hnefa. Þegar höfuð brotþola hefði farið í jörðina hefði það endurkastast upp og svo farið aftur í

jörðina. Kvaðst hún ekki muna hvort að ákærði kýlði brotþola fyrir eða eftir að ákærði var í slagsmálum við annan mann en hana minnti þó að slagsmálin hefðu átt sér stað á undan og ákærði kýlt brotþola í kjölfarið. Þetta hefði allt átt sér stað á nokkrum sekúndum. Vitnið kvaðst hafa séð sama mann og kýlði brotþola aftur stuttu síðar og þá hefðu staðið yfir honum lögregla eða bráðaliðar.

- 17 Vitnið *H*, dyravörður á [...], kvað *A* og aðra stúlku hafa verið í slagsmálum. Kærasti þeirrar stúlku hafi stigið inn í og kýlt *A* einu sinni. Það hefði leitt til átaka milli hans og ákærða, sem endað hefði með því að þeir lentu í jörðinni, þar sem ákærði hefði verið stunginn og maðurinn í kjölfarið hlaupið í burtu. Ákærði hefði þá komið aftur að [...]. Á þeim tíma hefði brotþoli komið að [...] og verið að kalla á *A* til þess að tala við hana. Kvað hann ákærða þá hafa snúið sér við og, „í adrenalínkasti“, veitt brotþola högg á höfuðið þannig að hún féll niður. Tíu sekúndum síðar hefði lögregla verið komin og gripið ákærða, sem hefði verið alblóðugur á bakinu. Hann kvaðst ekki hafa séð hvort ákærði hefði verið með opin eða lokaðan hnefa en ákærði hefði snúið sér á punktinum í 180 gráður og höndin farið í andlitið á brotþola. Kvað hann góðan kraft hafa verið í högginu. Þetta allt hefði átt sér stað á um 40 sekúndum.
- 18 Vitnið *I* kvaðst hafa verið drukkinn þegar atvik urðu og lítið muna. Hann kvaðst þó muna eftir að stúlka hefði legið í jörðinni. Hann hefði aðeins séð höggið út undan sér og gæti ekki lýst því nánar. Hann kvað þann mann sem veitt hefði stúlkunni höggið vera þann sama og hefði verið stunginn.
- 19 Vitnið *A*, sambyliskona ákærða, kvað brotþola hafa komið upp að sér og hún ítrekað sagt henni að fara í burtu, þar sem ákærði og annar maður hefðu verið að öskra á hvorn annan og brotþoli staðið fyrir. Hún kvað ákærða og manninn hafa dottið niður og brotþola dottið í leiðinni. Kvaðst hún hafa hjálpað brotþola upp og þá hefði ekkert verið að henni. Hún hefði svo snúið sér við og ákærði þá legið í jörðinni og lögregla á honum. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa séð ákærða kýla brotþola kvað hún ákærða ekki hafa haft tækifæri til að kýla neinn því lögregla hefði strax verið komin. Hún kvaðst muna mjög vel eftir atvikum enda hefði hún horft þar á mann sinn stunginn.
- 20 Vitnið *G*, sérnámslæknir, kvaðst hafa hitt brotþola á heilsugæslunni á Akureyri 14. október 2024 og staðfesti læknisvottorð sitt.

#### *Niðurstaða*

- 21 Ákærða er hér gefin að sök líkamsárás með því að hafa aðfararnótt 3. ágúst 2024 kýlt brotþola, *B*, í andlitið þannig að hún féll og skall með höfuðið í gangstétt, með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru. Ákærði neitar sök.
- 22 Fyrir liggur upptaka úr öryggismyndavél lögreglu sem nær til þess svæðis þar sem atvikið átti sér stað en upptakan er tekin úr þónokkurri fjarlægð. Þar má þó sjá mann, sem rétt áður sést eiga í útistöðum við annan mann, ganga í átt að *R5* og á eftir honum kona og loks brotþoli, sem virðist gera tilraun til að ræða við konuna en konan ýtir henni frá sér. Er maðurinn í eitt augnablik úr mynd en birtist jafnskjótt aftur og sést þá án nokkurs

fyrirvara kýla brotþola í andlitið og hún falla aftur fyrir sig í jörðina. Má þá sjá konuna beygja sig niður til brotþola og aðra konu koma strax að. Í sömu mund má sjá lögreglu koma á vettvang. Með hliðsjón af framburði ákærða og vitna og öðrum gögnum málsins verður að telja ljóst að framangreindir aðilar hafi verið ákærði, A, brotþoli og loks D.

- 23 Þegar litið er til vitnisburðar sem að framan greinir, einkum vitnanna H og D, myndbandsupptöku af vettvangi auk læknisfræðilegra gagna, þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.
- 24 Ákærði byggir á því að sýkna beri hann af broti gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem ósannað sé að hann hafi haft ásetning til verknaðarins en ella á grundvelli 12. gr. sömu laga. Vísar ákærði til þess að hann hafi ekki haft stjórn á gerðum sínum vegna þeirra hnífstunguárásar sem hann varð fyrir skömmu áður, verið illa áttaður, í adrenalínússi og upplifað sig undir árás.
- 25 Óumdeilt er að sú árás sem hér er ákært fyrir átti sér stað einhverjum sekúndum eftir að ákærði varð sjálfur fyrir háskalegri líkamsárás, er hann var ítrekað stunginn með hníf í bolinn, og hefur ákærði frá upphafi lýst því að hann hafi engar minningar um hana. Í gögnum sem liggja fyrir í málinu kemur fram að á þessum tíma hafi fossblætt úr baki ákærða auk þess sem hann hafi um tíma streist á móti hjálp lögreglu sem bar að í kjölfarið. Þrátt fyrir að framangreint beri merki um ójafnvægi ákærða þar sem hnífstunguárás hefur vafalítið haft áhrif, verður ekki talið fram komið að ákærði hafi enga stjórn haft á gerðum sínum. Þykir sannað að ákærði hafi veitt höggið af ásetningi þótt ásetningur hans kunni að hafa verið þokukennður. Fyrri árás var yfirstaðin auk þess sem brotþoli hafði enga aðkomu haft að henni. Verður verknaðurinn því ekki talinn ákærða refsilaus samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

#### **Ákæra 17. október 2025 vegna umferðarlagabrots**

- 26 Ákærði hefur játað sök þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessari ákæru. Með játningu hans og gögnum málsins verður háttsemi ákærða talin sönnuð og varðar hún við þar tilgreind ákvæði.

#### **Viðurlög, bætur og sakarkostnaður**

- 27 Ákærði er nú sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og brot í nánu sambandi samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b sömu laga auk líkamsárásar samkvæmt 217. gr. laganna. Loks er ákærði sakfelldur fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið undir áhrifum ávana- og fíkniefna.
- 28 Ákærði hefur samkvæmt sakarvottorði tvívegis sætt refsingu. Þann 29. ágúst 2019 gekkst hann undir sátt með greiðslu sektar fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna og án ökuréttinda og var sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá sama degi. Þá var hann með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra [...] 2024 dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið til

- tveggja ára, fyrir líkamsárás. Þau brot gegn almennum hegningarlögum sem ákærði er nú sakfelldur fyrir voru framin fyrir uppsögu fyrri dóms og verður refsing vegna þeirra ákveðin sem hegningarauki samkvæmt sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Í samræmi við 60. gr. sömu laga verður fyrri dómur tekinn upp og ákærða gerð refsingu í einu lagi.
- 29 Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærði veittist af offorsi gegn sambýliskonu sinni og barnsmóður. Hann bæði kýldi og sparkaði í höfuð hennar af miklu afli og verður að telja hendingu eina að ekki hlutust alvarlegir áverkar af.
- 30 Varðandi líkamsárás 3. ágúst 2024 er á því byggt af hálfu ákærða, verði hann sakfelldur, að beitt verði 1. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar og refsing felld niður eða lækkuð vegna ákafrar geðshræringar hans á verknaðarstundu. Brotapoli í því tilviki var vegfarandi og virðist af myndbandsupptöku af atvikum og framburði vitna fyrir dómi ekki hafa ógnað ákærða á nokkurn hátt. Atlaga hans beindist að höfði hennar. Ekki verður fallist á að aðstæður séu þess eðlis að 1. töluliður 1. mgr. 74. gr. eigi við. Á hinn bóginn þykir mega leggja til grundvallar að ákærði hafi í ljósi fyrri atburða verið í töluverðu andlegu ójafnvægi er hann veittist að brotþola. Þótt það verði ekki talið réttlæta líkamsárás ákærða gegn brotþola þykir unnt að taka nokkurt mið af ástandi ákærða umrætt sinn til mildunar við ákvörðun refsingar, sbr. til hliðsjónar 75. gr. og 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.
- 31 Að öllu framangreindu gættu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í níu mánuði. Þar sem um er að ræða hegningarauka við fyrri dóm ákærða fyrir ofbeldisbrot verður fullnustu refsingarinnar frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.
- 32 Með heimild í 4. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða einnig gert að greiða sekt fyrir umferðarlagabrotið. Þegar brot ákærða gegn umferðalögum var framið 14. september sl. voru liðin meira en fimm ár frá sektarákvörðun vegna fyrra umferðarlagabrots og hefur brotið því ekki áhrif við ákvörðun refsingar nú. Skal ákærði greiða 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu dómsins að telja en ella sæta fangelsi í 14 daga. Þá verður ákærði sviptur ökuréttindum í 18 mánuði.
- 33 Brotapoli B hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.123.465 auk vaxta. Er krafan annars vegar um útlagðan kostnað að fjárhæð 1.123.465 krónur og hins um miskabætur að fjárhæð 1.000.000 krónur.
- 34 Krafa um bætur vegna útlagðs kostnaðar við flutning með sjúkrabíl, kostnaðar á slysadeild, vegna komu á heilsugæslu og við sálfræðipjónustu, samtals að fjárhæð 112.347 krónur, er studd viðhlítandi gögnum og verður dæmd að fullu. Af læknaþreffi 7. ágúst 2024 má ráða að læknir hafi gefið út lyfseðil til brotþola um parkódín og verður krafa vegna kostnaðar við kaup á því lyfi, að fjárhæð 2.134 krónur, tekin til greina, en að öðru leyti verður kröfu vegna lyfjakostnaðar hafnað. Ákærði hefur mótmælt bótaábyrgð vegna tannlæknakostnaðar samkvæmt reikningi, dags. 9. ágúst 2024, og áætlun brotþola um framtíðarkostnað vegna tannviðgerða, samtals að fjárhæð 1.000.000 króna. Vottorð tannlæknastofu um áverka á tönnum brotþola er ódagsett og óundirritað og kom sá

tannlæknir sem skoðaði brotaþola og veitti henni meðferð ekki fyrir dóminn. Að framangreindu virtu er ekki unnt að taka kröfuna til greina í máli þessu. Þá þykir ósannað að ákærði hafi við árásina skemmt nefhring brotaþola og verður kostnaður brotaþola við nýjan hring ekki dæmdur.

- 35 Ákærði hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaskyldu á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á fjárhæð miskabóta verður litið til alvarleika árásar ákærða, áverka sem brotaþoli hlaut og annarra afleiðinga. Í vottorði J sálfræðings, 31. ágúst 2025, kemur fram að samkvæmt niðurstöðum matslista og klínísku mati hennar, hafi brotaþoli greinst yfir viðmiðunarmörkum varðandi einkenni áfallastreituröskunar tengt þessari árás. Þá hafi einnig komið fram töluverð þunglyndiseinkenni og mikil einkenni kvíða og streitu. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 600.000 krónur.
- 36 Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola B 714.481 krónur, með vöxtum svo sem í dómsorði greinir. Þá greiði ákærði brotaþola 500.000 krónur í málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti.
- 37 Með vísan til úrslita málsins greiði ákærði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Odda Guðjónssonar lögmanns, að fjárhæð 1.062.990 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og 54.370 króna ferðakostnað hans. Útlagður sakarkostnaður lögreglu nemur 125.381 krónum.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, sæti fangelsi í níu mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði 200.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 14 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í 18 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði B 714.481 krónu auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 3. ágúst 2024 til 14. mars 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og 500.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði 1.242.741 krónu í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hrafnkels Odda Guðmundssonar lögmanns, 1.062.990 krónur, og 54.370 króna ferðakostnað hans.